

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 65/95  
frá 22. nóvember 1995**

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 frá 7. september 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- 395 R 2131: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 frá 7. september 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 (Stjttíð. EB nr. L 214, 8. 9. 1995, bls. 6).“

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 139, 22. 6. 1995, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 23, 22. 6. 1995, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 214, 8. 9. 1995, bls. 6.

2. gr.

Í 5. lið í aðlögunarlið 1) komi dagsetningin „31. desember 1995“ í stað „30. júní 1995“.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. júlí 1995.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Berg

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik M. Sucker